

# Lög

## um skattfrelsi norrænna verðlauna.

---

### 1. gr.

Eftirtalin norræn verðlaun skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari:

- Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.
- Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.
- Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.
- Norrænu leikskáldaverðlaunin.
- Nóbelsverðlaunin.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, með síðari breytingum.

---

*Samþykkt á Alþingi 21. desember 1999.*